

Ættleiðing



Afmælisrit Íslenskrar ættleiðingar – 20 ár



Tvítugt félag sem á bjarta framtíð



Nú í ár fögnum við 20 ára afmæli félagsins okkar. Starfsemin er að mestu komin í fastar skorður og þar sem afmælið markar ákveðin tímamót, þótti tilvalið að rifja upp söguna og starfið allt frá frumherjaárunum og gefa út þetta afmælissrit, sem nú hefur litið dagsins ljós. Í blaðinu eru frásagnir fjölmargra sem komið hafa við sögu, allt frá upphafi félagsins og fram á daginn í dag og einnig reynslusögur kjörforeldra. Við vonum að það verði bæði fróðleg og skemmtileg lesning.

Það er óhátt að fullyrða að félagið hafi "þroskast" mikið á þessum 20 árum og er varla hægt að líkja starfinu í dag við það sem var á árum áður. Miklar kröfur og skyldur eru lagðar á ættleiðingarfélög í dag og fylgst er náð með starfi þeirra og er það mjög af hinu góða. Eitt af þeim atriðum sem stjórnvöld í fæðingarlöndum barnanna leggja mikla áherslu á er að verðandi kjörforeldrar fái góðan undirbúning og fræðslu áður en til ættleiðingarinnar kemur. Umsækjendum á vegum ÍÆ er boðin slík undirbúningsfræðsla og þátttökan er nánast 100%. Efnið sem fer í yfir er unnið í samstarfi við fagfólk á ýmsum sviðum sem einnig tekur beinán þátt í fundunum. Mikið af fræðsluefni hefur verið þýtt svo og rannsóknir sem gerðar hafa verið á því hvernig ættleiddum börnum hefur vegnað hjá nýju fjölskyldunum sínum í nýju umhverfi. Einnig eru til rannsóknir sem

sýna ótvírætt að börn sem dvelja fyrstu mánuðina og árin á ævinni á barnaheimilum þurfa oft og tíðum annars konar umönnun en þau sem ekki alast upp á slíkum stofnunum. Leitast er við að miðla öllu þessu til væntanlegra kjörforeldra enda er ættleiðing barns stór ákvörðun sem snertir marga aðila, alla ævi, og þarf að undirbúa af kostgæfni.

ÍÆ var árið 1993 eitt af stofnfélögum í EurAdopt, sem eru samtök evrópskra ættleiðingarfélaga. Norrænu félögin hafa einnig haft með sér samstarf sl. 11 ár og árið 1995 var ÍÆ boðið velkommið í þann hóp. Bæði þessi samtök hafa samþykkt siðareglur sem unnið er eftir og hafa það m.a. að markmiði að tryggja að rétt sé staðið að allri vinnu í ættleiðingarferlinu. Fulltrúar félaganna hittast reglulega og miðla hver öðrum af reynslu sinni og skiptast á upplýsingum um ótal atriði sem upp koma og allir geta lært af og er það okkur hér á hjara veraldar alveg sérstaklega mikilvægt. Hjá ÍÆ líkt og þessum félögum er mesta áherslan lögð á miðlun ættleiðinga og á því byggist allt sem á eftir kemur, þ.e. fræðsla og undirbúningur verðandi kjörforeldra og félagsstarf kjörfjölskyldna og ýmiss konar fræðsla og fyrirlestrar. Í fyrra var ákveðið að brydda upp á þeirri nýjung að bjóða unglingunum að hittast í húsnaði félagsins og var það ákaflega vinsælt enda er samkenndin sterk á meðal þeirra og skylda okkar að hlúa að

henni.

1993 var lokið við gerð svokallaðs Haag-sáttmála um ættleiðingar milli landa og eru stöðugt fleiri ríki að fullgilda þennan sáttmála. Hann á að stuðla að því að tryggja örugga meðferð ættleiðingarmála, bæði í heimalandi væntanlegra kjörforeldra og fæðingarlandi barnanna sem ættleidd eru. Það má segja að við stöndum á tímamótum í fleiri en einum skilningi nú á afmælisárinu því að nú loks er von á nýjum ættleiðingarlögum á Íslandi. Þegar þau öðlast gildi mun íslenska ríkið fullgilda Haag-sáttmálann. Það sem hefur líklega mestar breytingar í för með sér fyrir ÍÆ er það, að skv. nýju lögum er gert ráð fyrir því að aðeins löggild ættleiðingarfélög megi hafa milligöngu um ættleiðingar. Okkur er ekki alveg ljóst hvað það kemur til með að fela í sér fyrir félagið að öðlast löggildingu því að reglugerðir þar að lútandi hafa ekki enn litið dagsins ljós. En á meðan höldum við ótrauð áfram okkar striki og minnum sjálf okkur og aðra á hvað það er sem felst í ættleiðingu barns: að gefa barni tækifæri til að alast upp við ást, umhyggju og öryggi foreldra og fjölskyldu og vinna að því á þann hátt að hagsmunir barnsins séu ávallt hafðir í fyrirrúmi, því að það er það sem skipti öllu máli. Réttur barnsins til að eignast fjölskyldu - ekki okkar til að eignast barn.

Útgefandi:

Íslensk ættleiðing
Grettisgötu 6
101 Reykjavík
Sími: 5514280
Fax: 562 4910
Ábyrgðamaður:
Olga Stefánsdóttir



Stjórn:

Ingibjörg Birgisdóttir, formaður
Lísa Yoder, varaformaður
Olga Stefánsdóttir, gjaldkeri
Ingvar Kristjánsson, ritari

Guðrún Sveinsdóttir, meðstjórnandi
Guðlaug Guðmundsdóttir, varamaður
Ásdís Guðmundsdóttir, varamaður

Opnunartími skrifstofu:

kl. 10-12 miðvikudaga
og föstudaga
Starfsmaður skrifstofu:
Guðrún Sveinsdóttir

Ritnefnd:

María J. Gunnarsdóttir
Snjólaug Stefánsdóttir
Jón Hilmar Jónsson
Guðmundur Andri Thorsson
Olga Stefánsdóttir

Fulltrúar í Norðurlandsdeild:

Elín Hallgrímsdóttir, Akureyri
Helgi Stefánsson, Akureyri
Sigurlína Jónsdóttir, Húsavík

Fræðslunefnd:

Ásdís Guðmundsdóttir
Guðlaug Guðmundsdóttir

Forsíðumynd:

Kristín Blöndal

Hönnun og umbrot:

Blaðasmiðjan

Prentun:

Hvíta Örkin

Efnisyfirlit

Tvítugt félag sem á bjarta framtíð	2
Auðgað íslenskt mannlíf	3
Góð verk og góðverk	4
Samstarfið við foreldra til fyrirmyndar	5
Finnst ég vera „algjör“ Íslendingur	6
Hugmyndin var að treysta tengslin við Kóreu	8
Ættleiðing var mál kvennanna	8
Okkar dýrmætasta lífsreynsla	10
Ættleiðingar frá Guatemala	10
Svipmyndir úr sögu félagsins	12
Bjartsýn á að lífið verði þeim gott	14
Ætli þetta sé litli prinsinn minn!	16
Réttarbætur vegna ættleiðinga	18
Sumarferð til Tyrklands	20
Tilfinningatengsl skapa grunninn	22
Afmælisveislan	24



Auðgað íslenskt mannlíf

Kveðja frá ríkisstjórninni

Í ár eru samtök íslenskra kjöforeldra 20 ára. Félagsskapurinn myndaðist 1978, tók sér svo nafnið Íslensk ættleiðing árið 1981 og sameinaðist sams konar félagi á Akureyri árið 1983.

Frá þessum tíma fram til dagsins í dag hafa á fjórða hundrað börn verið ættleidd hingað til lands. Þessi stóri hópur hefur ekki aðeins verið gleðigjafi fyrir þúsundir nýrra ættingja þessara barna, heldur hefur hann um leið auðgað íslenskt mannlíf og gætt það fjölbreytni. Uppvöxtur íslenskra barna með erlendan uppruna er til þess fallinn að draga úr fordómum og ýta undir umburðarlyndi eyjaskeggja í norðurhafi. Þeir landar okkar, sem ekki verður barna auðið, eða hafa hug á ættleiðingum af öðrum ástæðum fá góðan kost á að efla fjölskyldulíf sitt og sinna með þeim úrræðum sem ættleiðing opnar.

Aðalatriðið er þó ungvíðið sjálft. Viðs vegar um heiminn fæðast börn sem eiga erfiða ævi í vændum. Þegar Íslendingar ganga þessum börnum í for-elldrastað eiga þau jafnan betri mögu-

leika í lífinu en að óbreyttu. Íslensk ættleiðing hefur tekið skýrt fram að barnið og þarfir þess séu aðalatriðið, og aldrei sé hvikað frá þeirri forsendu.

Á þessum tímamótum vil ég árna Íslenskri ættleiðingu heilla og eins hinum fjölmörgu fyrirmyndar Íslendingum sem það sæmdarheiti hafa fengið fyrir meðalgöngu þess.

*David Oddsson,
forsætisráðherra.*



Góð verk og góðverk

Fólk er stundum að koma til okkar þegar við ferum fjölskyldan einhvers staðar að versla eða erindast. Það langar að segja okkur hvað því finnst litla stúlkan okkar falleg og fjörug. Og síðan spyr það hvaðan hún komi úr heiminum. Við segjum því að hún sé frá Calcutta á Indlandi og síðan brosir fólkið aftur hlýlega og endurtekur eitthvað fallett sem það hefur sagt um hana. Þetta er yfirleitt ósköp ánægjulegt, og manni finnst alltaf að það sé nú kannski bara hálfgerð vitleysa þegar fólk er að segja að Íslendingar séu þurrir á manninn og drumslegir - öðru nær.

Hins vegar verður maður stundum var við svolítinn misskilning hjá einstöku manneskju. Það er þegar fólk fer að tala um að við hjónin hljótum að vera svo góðar og göfugar manneskjur að hafa tekið að okkur þetta barn. Nú vil ég að vísu alls ekki þvertaka fyrir að ég sé góð og göfug manneskja - hver vill ekki vera það? En þetta tal fer samt alltaf örlítið í taugarnar á mér vegna þess að með því er gefið til kynna að við höfum ættleitt barn af svokölluðum óeigingjörnum hvötum, hvað sem það nú er - reyndar er ég ekki viss um að til sé neitt sem hægt sé að kalla "óeigingjarnar hvatir". Fólk virðist þannig halda að við höfum ættleitt barnið fyrst og fremst vegna þess að við séum svo góðar og göfugar manneskjur, en ekki vegna þess að við þyrftum sjálf á því að halda að fá tækifæri til að annast barn. Það er talað um þetta eins og eitt-hvert góðverk.

En góð verk þurfa ekki endilega að vera góðverk. Maður stuðlar að vísu vonandi að því að lítil manneskja sem fæðist við örðugar kringumstæður fái tækifæri til að njóta eiginleika sinna til góðs, geti þroskast og öðlast möguleika á að eiga farsæla ævi. Gangi það eftir hefur maður vissulega unnið góð verk. En ekki góðverk. Því

maður hefur engu fórnað heldur bara öðlast. Maður hefur ekkert gefið nema ást. Og maður getur ekki gefið ást nema maður þiggi hana jafnharðan. Þegar barnið verður uppkomið má það ekki fá á tilfinninguna að það standi í þakkarskuld við foreldra sína umfram önnur börn; þau bönd sem tengja barn og foreldra snúast ekki um neitt annað en það hvernig til tekst um uppeldið. Þegar maður eignast barn er það ekki góðverk heldur vegna þess að maður lætur náttúruna hafa sinn gang: ættleiðing er í rauninni ekkert frábrugðin því, vegna þess að maður hlýðir sínum innri manni.

Og ætli mér finnst ekki um leið eins og ég hafi loksins tengst mannkyninu á einhvern máta. Ekki beinlínis í þeim skilningi að stúlkan mín sé lítill sendifulltrúi sjálfs mannkynsins - það eru öll börn. Hins vegar held ég að enginn Íslendingur sem til Indlands kemur geti alveg varist þeirri kennd að þar horfi hann á sjálft mannkynið streyma eins og máttugt fljót um göturnar. Samt er það ekki aðalatriðið, heldur hitt: þegar ég hélt á þessu barni í örmum mér, og það var mitt barn sem mér bar að gæta og styðja, þá skildist mér að ég hafði nú öðlast nýjan tilgang með veru minni á jörðinni og tengdist á nýjan hátt mannkyninu. Hitt varðaði þó ekki síður miklu að mér þótti sem ég tengdist mannkyninu djúpt inni í sjálfum mér.

*Guðmundur
Andri
Thorsson*





*Gestur Pálsson
barnalæknir:*

Samstarfið við foreldra til fyrirmyndar

Gest Pálsson barnalæknir ætti að vera óþarfi að kynna fyrir félagsmönnum, en flest ef ekki öll höfum við farið með börnin okkar í skoðun til hans á Barnaspítala Hringins, fljótlega eftir komu þeirra til landsins. Hann hefur alltaf verið tilbúinn að taka á móti þeim og við höfum það fyrir satt að hann hafi jafnvel gert hlé á sumarfríinu sínu til að annast rannsókn þeirra.

Okkur lék forvitni á að kynnast aðeins starfi hans og fengum að hitta hann á Landspítalanum og eiga við hann stutt spjall.

Hvernig kom það til að þú tókst að þér að rannsaka ástand ættleiddra barna við komu þeirra til landsins?

Ég var við nám í barnalækningum í Svíþjóð á árunum 1976 til 1981 og starfaði þar á sjúkrahúsi m.a. við að skoða og rannsaka börn sem ættleidd voru til Svíþjóðar en Svíar hafa verið langduglegastir af Norðurlandabjóðunum að ættleiða börn erlendis frá, og var talið að árið 1990 hafi 30 þúsund börn verið komin til landsins. Þar voru foreldrar skyldaðir til að koma með börn sín til skoðunar innan 6 vikna frá heimkomu þeirra. Rannsóknir voru þarna í föstum skorðum og með svipuðum hætti og er hérlandis í dag.

Þegar ég kom heim árið 1981 höfðu ekki mörg börn verið ættleidd til Íslands eða u.þ.b. 24 á árunum 1976 til 1980. Þá voru engar sérstakar rannsóknir gerðar né voru ákveðnir aðilar

sem sáu um læknisskoðun barnanna. Fljótlega eftir að ég hóf störf á Barnaspítala Hringins hitti ég fólk með lítið, ættleitt barn sem var illa haldið af niðurgangi og hafði það gengið með barnið milli lækna án þess að fá viðunandi úrlausn. Algengasta ástæðan fyrir niðurgangi í börnum á Íslandi er veirusýking en í börnum sem koma frá þróunarlöndum er ástæðan helst salmonella. Ég tók að mér þetta barn á spítalanum og síðan fleiri börn en þetta ár komu til landsins 7 börn sem flest voru frá Indónesíu.

Ég hafði fengið góða reynslu í að rannsaka og meðhöndla þessi börn á þeim tíma sem ég starfaði í Svíþjóð, Þegar ég kom heim fannst mér vanta slíka þjónustu hér. Ég hafði áhuga á að koma reglu á þessi mál svo ég fór ásamt yfirmanni Barnaspítalans á fund landlæknis og buðumst við til að taka að okkur, fyrir hönd Barnaspítala Hringins, að sjá um skoðun og rannsóknir á börnunum. Þessu erindi okkar var vel tekið af heilbrigðisyfirvöldum sem sáu þörfina eftir því sem börnunum fjölgaði. Síðan hafa þessar rannsóknir verið svo til alfarirð í okkar höndum. Félagið Íslensk ættleiðing hefur sent allar sínar fjölskyldur til okkar og samskipti okkar við félagið hafa alltaf verið í mjög góðu lagi. Nú hafa verið sett ný lög um sóttvarnir á Íslandi og yfirlæknir sóttvarna verið ráðinn. Við höfum ræðst við og verið er að fastsetja með reglugerð, sem ekki var áður

til staðar, að áfram verði haldið á sömu braut, þ.e. börnin fái áfram þá þjónustu hér á Barnaspítalanum, sem þeim er nauðsynleg og tel ég það mikils virði.

Hvaða rannsóknir eru gerðar á börnunum?

Börnin fara í mjög ítarlega læknisskóun en m.a. er auk almennrar skoðunar lagt mat á næringarástand og þroska barnsins. Þá er barnið skoðað og rannsakað með tilliti til mögulegra sýkinga, en sum barnanna hafa haft t.d. salmonellasýkingu. Blóð, þvag og hægðir er rannsakað, einnig gert berklapróf og tekin röntgenmynd af lungum. Þá er gerð skimun með tilliti til lifrabólgu, sárasóttar, eyðnismits og vanstarfsemi skjaldkirtils. Með öðrum orðum er reynt að kanna allt það sem skiptir barnið mestu máli.

Finnst þér ástand barnanna við heimkomuna hafa breyst í gegnum árin?

Almennt finnst mér ástand barnanna við komu vera gott í dag og mun betra en fyrstu árin. Börn sem ættleidd voru á árunum 1981 til 1990, aðallega frá Indónesíu og Sri Lanka, voru yfirleitt mjög ung, helmingur þeirra var yngri en 3ja mánaða við komu, mörg jafnvel aðeins fárra vikna gömul. Mörg þjáðust þau af niðurgangi og öðrum kvillum og þöldu illa langt og strangt ferðalag heimshorna á milli. Ekki var óalgengt að leggja þyrfti börnin inn til meðferðar, oft í bágbornu ástandi en

Gestur Pálsson
barnalæknir
hefur skoðað
rúmlega þrjú
hundruð ættleitt
börn.

Finnst ég vera

Þau náðu sér yfirleitt ótrúlega vel. Á undanförunum árum hafa aftur á móti ekki komið mjög veik börn til landsins, sem þurft hefur að leggja inn, enda börnin nú eldri og betur undirbúin undir ferðina heim.

Hvað hefur þú tekið á móti mörgum ættleiddum börnum á Barnaspítala Hringins og hefur þú fylgst með þeim í gegnum árin?

Líklega vel á fjórða hundrað ættleiddum börnum. Samskipti mín við börnin og foreldra þeirra hafa verið mjög góð. Það má oft glögglega sjá hverju örvun og umhyggja fyrir börnunum skilar, börn sem voru langt á eftir í hreyfingum og þroska þegar ég sé þau fyrst, hafa yfirleitt tekið gífurlegum framförum á örfáum mánuðum eftir að þau eru komin í umsjá foreldra sinna. Ég hef ekki fylgst reglulega með börnunum í gegnum árin en hef mikinn áhuga á að gera rannsókn með tilliti til heilbrigðis, þroska og aðlögunar þeirra.

Að lokum viljum við hjá Íslenskri ættleiðingu þakka Gesti sérstaklega alla hans vinnu fyrir félagið og umhyggju hans fyrir okkur og börnunum okkar og vonumst eftir að njóta sérþekkingar hans í þessum málum sem lengst.

Olga Stefánsdóttir

Ómar Þorsteinn Árnason er tuttugu og tveggja ára læknanemi á þriðja ári og fyrrverandi sundkappi sem meðal annars keppti fyrir Íslands hönd á Smáþjóðaleikum í Lúxemborg 1995. Hann er fæddur í Seoul í S-Kóreu en kom hingað til landsins þegar hann var eins og hálfars og ólst upp á Akureyri. Foreldrar hans eru Árni Þorsteinsson rafvirki og Ásdís Sigurpáldóttir dagmóðir. Fyrir átti Ásdís dótturina Aðalheiði en yngri systir Ómars heitir María Sigrún og kemur frá Indónesíu. Hún er nýorðin sextán ára og Ómar segir að þótt þeim komi vel saman og geti gefið hvort öðru góð ráð þá séu þau mjög ólík, nánast eins og svart og hvítt: hún hafi listrænni hæfileika, teikni og hlusti á tónlist tímumum saman - hann sé hins vegar lítið fyrir það að slappa af eða láta hugann reika; hann skipuleggur tíma sinn í smæstu atriðum og liður illa ef hann hefur ekki erfitt verkefni að leysa, enda vinnur hann samhliða náminu á hjúkrunar- og elliheimilinu Skógarbæ.

- Ég hef alltaf verið svona, þurft að hafa einhver verkefni að leysa og markmið til að stefna að. Sem dæmi má nefna að ef einhver í bekknum henti skrifblýantinum sínum þegar ég var litill þá fór ég rakiðis og sótti hann í ruslakörfuna til að koma honum aftur í skriflegt ástand. Ég er metnaðargjarn og vinir mínir segja að ég sé öfgamaður í öllu sem ég taki mér fyrir hendur. Ég reyni helst að gera allt hundrað og tíu prósent eða þá sleppi því. Ég veit innst inni að markmiðin eru oft óraunhæf en þau allavega hjálpa mér að halda mér við efnið og veita mér gott aðhald.

-Var þessi kappsemi ríkjandi heima hjá þér?

- Nei... Mamma var alltaf að segja mér að ég skyldi bara verða rafvirki eins og pabbi. Hún hafði líka áhyggjur af því hvort ég æfði ekki of mikið í sundinu enda ekki furða þar sem ég var yfirleitt að æfa 6 tíma á dag. Ég er frekar ólíkur foreldrum mínum. Ég hef

á tilfinningunni að ég væri eins og ég er hvernig sem ég hefði verið alinn upp ...

- En íþróttir. Heldurðu að þær hafi mótað þig?

- Ég held að ég hafi alltaf verið svona en sundið auðvitað ræktaði upp í manni agann, skipulagsgáfuna og metnaðinn. T.d. ef ég frétti af því að einhver væri að æfa meira en ég þá laumaðist ég og tók aukaæfingu! Það hefur verið sagt um sundið að það sé sú íþrótt þar sem maður æfi mest til að ná minnstum árangri, þetta eru sekúndubrot sem maður er að elta við. Allt þetta var auðvitað góður undirbúningur fyrir læknanámið.

- Ætlaðirðu alltaf að verða læknir?

- Þegar ég var þrettán eða fjórtán ára fékk ég þá flugu í höfuðið að fara til Bandaríkjanna og læra heilaskurðlækningar. Og það blundaði alltaf svolítið í mér. Þegar ég var búinn með stúdentspróf var ég samt ekki ákveðinn í því hvað ég ætti að taka mér fyrir hendur. Stærðfræðin var mitt eftirlætisfag og ég var jafnvel að hugsa um að fara í verkfræði eða stærðfræði í Háskólanum. En ég held að það hafi kveikt í mér þegar ég frétti af því hversu erfitt væri að komast inn í læknisfræðina eftir inntökuprófið. Eflaust langaði mig bara að sanna mig þó svo að áhuginn hafi auðvitað líka verið til staðar.

- Og svo vinnurðu með náminu - er það ekki svolítið erfitt?

- Nei, ekki ef maður skipuleggur sig vel. Ég stunda líka líkamsrækt alla daga vikunnar, 2-3 tíma í senn þannig að tíminn sem bækurnar fá er takmarkaður. En maður lærir líka á því að vinna þar. Það er dálítið fyndið að ég er eini karlmaðurinn við hjúkrunarstörf þarna og gamla fólkið vill þess vegna alltaf fá að tala við mig, biður alltaf um „lækninn“, þó að þarna séu hjúkrunarkonur sem vita eflaust mun meira en ég. Það er eins og maður fái respekt vegna þess að maður er karlmaður og það er eins og gamla fólkið tengi læknastafið frekar við karlpeninginn.

„algjör“ Íslendingur

*Rætt við Ómar
Þorstein Árnason
læknanema sem
heldur með
Kóreumönnum í
íþróttum svo fremi
þeir keppi
ekki við
Íslendinga*

- Hvernig var að alast upp á Akureyri?

- Fint. Ég var mikið í íþróttunum, var bæði í sundinu og í boltanum með KA. Maður heyrir það oft að Akureyringar séu lokaðir en ég held að það sé mjög persónubundið. Samt eru þeir kannski svolítið skeptiskir á Reykvik- inga.

- En fordómar? Hefurðu lent í slíku?

- Nei aldrei.

Kannski helst bara litlir krakkar sem sjá mann og halda að maður sé Kínverji og fara að bulla á kínversku og svoleiðis. Maður hefur auðvitað fengið vissa athygli út á útlitið en ekki neikvæða athygli. Ég hef aldrei orðið fyrir neinu aðkasti.

- Þannig að Akureyringar hafa kannski meiri fordóma gagnvart Reyk- vikingum en fólk af asískum uppruna?

- Já, ætli það ekki!

- Hefurðu eitthvað þælt í Kóreu?

- Ég veit ekkert meira um Kóreu en önnur lönd og langar í sjálfa sér ekkert meira að fara þangað en eitthvað annað. En auðvitað skynja ég viss tengsl við landið og ég held alltaf með S-Kóreu í íþróttum - nema auðvitað þegar þeir etja kappi við Íslendinga.


Þannig að mér finnst ég vera „algjör“ Íslendingur. Kannski myndi ég hafa meiri áhuga á að fara þangað út ef ég vissi meira um uppruna minn. Líffræðileg móðir mín var einstæð og nafnið hennar kemur ekki fram á fæðingavottorðinu og ég hef enga möguleika til að grafa það upp. Þannig að það þýðir lítið að vera að velta því fyrir sér.

- Og þú stefnir enn á nám í Bandaríkjunum?

- Já. Það er að vísu mjög erfitt að komast að við góða skóla þar og ef maður kemst inn er alls ekki víst að maður geti lært það sem maður hafði hugsað sér. En það er samt ennþá markmiðið. Við sjáum til hvernig gengur og maður reynir bara að gera sitt besta.

Guðmundur Andri Thorsson

Ég er metnaðargjarn og vinir mínir segja að ég sé öfgamaður í öllu sem ég taki mér fyrir hendur. Ég reyni helst að gera allt hundrað og tíu prósent eða þá sleppi því, segir Ómar Þorsteinn Árnason.



Hugmyndin var að treysta tengs

Fyrir rúmum 20 árum var stofnað í Norræna húsinu í Reykjavík félag sem nefndist Ísland-Kórea. Stofnendur þess voru foreldrar barna, sem ættleidd höfðu verið frá Suður-Kóreu og hjón, sem sótt höfðu um börn þaðan til ættleiðingar. Tilgangurinn var að treysta tengslin við þá aðila sem aðstoðuðu Íslendinga við að ættleiða kóresk börn og auka þekkingu og samskipti við landið. Einnig var markmiðið að stuðla að kynnum íslensku fjölskyldnanna og skapa sameiginlegan vettvang fyrir þær að vinna á.

Fundurinn var vel sóttur og mikil bjartsýni ríkjandi. Í stjórnina voru kosin: Gylfi Már Guðjónsson formaður, Ágústa Bárðardóttir ritari og Ástrún heitin Jónsdóttir gjaldkeri. Ættleiðingarnar fóru fram með hjálp norskra samtaka, sem nefndust þá Norsk Koreaforening, en síðar Verdens Barn. Íslendingar höfðu þá um nokkurt árabíl ættleitt börn frá Kóreu, langflest þó á árinu

1977. Samtals munu hafa verið ættleidd á þriðja tug barna þaðan. Um það leyti sem félagið var stofnað kom afturkippur í ættleiðingarnar til Íslands, þótt þær gengju áfram snurðulaust til Norðs. Lengi vel var álitnið að barna væri um einhvern misskilning að ræða og var lögð mikil vinna í bréfaskriftir og samtöl, innanlands og utan, til að koma málinu af stað aftur. Allt kom þó fyrir ekki og að lokum varð ljóst að ekki væri að vænta frekari ættleiðinga frá Kóreu.

Þá var farið að huga að því hvort ekki væri hægt að fá börn annars staðar frá en ljóst var frá upphafi að það gæti reynst torvelt. Ekki þótti vænlegt að félag sem hét Ísland-Kórea stæði fyrir slíkri eftirgrenslan og varð fljótlega ljóst að nýtt félag eða nýtt nafn á félagið yrði að koma til. Mörgum stofnfélögum Íslands-Kóreu var sárt um félagið og nafn þess og vildu ógjarna að það yrði lagt af. Niðurstaðan varð sú að Ísland-Kórea var ekki lögð formlega

niður, heldur sett til hliðar, ef svo má segja. Hugmyndin var sú að ef aðstæður breyttust og þörf væri á, gæti félagið komið fyrirvaralaust fram í dagsljósið á nýjan leik. Nýja félagið var svo stofnað til hliðar við Ísland-Kóreu, með sömu stjórn, og yfirtók það rýra sjóði og enn minni eignir þess félags.

Eitt af því sem huga þurfti að við stofnun nýja félagsins var nafnið. Ýmsar hugmyndir voru uppi um það, flestar um heldur löng og ekki ýkja spennandi nöfn. Mjög ofarlega á baugi var að láta það heita "Foreldrafélag ættleiddra barna". Sem betur fer náðist samstaða um nafnið "Íslensk ættleiðing" og gerði þar að líkindum gæfumuninn álit löggilts dómtúlks og skjalabýðanda, sem leitað var til.

Eins og ætla mátti var ekki auðhlaupið að því að koma á nýjum ættleiðingasamböndum. Einstaka hjónum tókst með miklum dugnaði að fá börn héðan og þaðan til ættleiðingar, en ekki

Ættleiðing var mál kvennanna

Þegar ég var beðin að rifja upp það sem hæst bar í formannstið minni, sem formaður Íslenskar ættleiðingar, þá var það nokkur fyrirhöfn því ég þurfti að leita aftur um rúman einn og hálfan áratug. Minni mitt er bríðult eins og annarra en þau minningabrot sem skutu upp kollinum og ég valdi til birtingar eru þau sem mér urðu hugstæðust á þeim tíma.

Í formannstið minni var þriggja manna stjórn í félaginu og störfín voru unnin á heimilum stjórnarmanna til skiptis. Draumurinn um skrifstofu og starfsmann var ekki orðinn að veruleika en varð það síðar. Álagið á mínu heimili varð allnokkurt vegna fjölda fyrirspurna um ættleiðingarkosti og fyrirgreiðslu við þá sem staddir voru erlendis í þeim erindum að ættleiða börn. Ekki man ég

annað en að ánægjulegt væri að gegna formannsstarfinu og átti ég góða samvinnu við meðstjórnendur mína.

Það sem helst olli mér áhyggjum var hversu erfitt reyndist að finna lönd sem voru tilbúin til þess að hafa samvinnu við félagið um ættleiðingar. Indland var ofarlega á baugi á þessum tíma og miklar bréfaskriftir áttu sér stað við ráðamenn í Nýju Dehli. Vonir og vonbrigði skiptust á en að lokum fór svo að ljóst var að ættleiðingar barna frá Indlandi yrðu ekki á dagskrá minnar stjórnar, þó mikil vinna hefði verið lögð í málið. Vegna persónulegra kynna komst á ættleiðingasamband við konu í Indónesíu sem reyndist félagsmönnum mjög vel og nokkur börn voru ættleidd þaðan í minni tíð. Nokkur börn voru ættleidd á þessum tíma frá Tyrklandi.



Upplýsingaöflun var stöðugt í gangi og bréfaskriftir voru stór hluti af formannsstarfinu. Samband var haft við ættleiðingarfélög í grannlöndunum og samnýting upplýsinga var nokkur milli þessara félaga, sem flest áttu í sama vanda; að finna lönd sem tilbúin voru að láta börn af hendi til ættleiðingar. Helstu hindranir virtust mér spretta af trúarlegum ástæðum og einnig þvældist

lin við Kóreu

tókst að mynda nein formleg sambönd. Eftir nokkra eftirgrennsan komst félagið í samband við mann í Danmörku og fékk jafnframt jákvæða umsögn, frá kunnugum, um að óhætt væri að treysta honum í þessum efnum. Hann taldi allar líkur á að auðvelt myndi verða að fá börn frá eyjunni Mauritius á Indlandshafi til ættleiðingar og bauðst til að hafa milligöngu um það. Einn félaga okkar, sem dvaldist í Danmörku um eins árs skeið, tók að sér að hafa samband við manninn og fylgja málinu eftir, og það gerði hann svikalaust. En tíminn leið og ekkert bólaði á börnunum, þrátt fyrir góð orð mannsins. Loks kom þar að sýnt þótti að ekki væri mikið á þessum manni að byggja og ekki að vænta neins árangurs úr þeirri áttinni. Það voru vissulega nokkur vonbrigði, enda voru ekki aðrar lausnir í sjónmáli á þeim tíma. Fljótlega fóru þó að berast fréttir af fólki, sem tekist hafði að komast í sambönd í Guatemala. Þau sambönd áttu

síðar eftir að reynast heilladrjúg fyrir félagsfólk Íslenskrar ættleiðingar. Það er þó annarra en mín að segja frá því hvernig þau mál gengu fyrir sig, þar sem ég hætti formennsku í félaginu um svipað leyti.

Tíldrög þessara skrifa minna eru þau, að núverandi formaður Íslenskrar ættleiðingar hafði samband við mig nýverið og fór þess á leit, að í tilefni tuttugu ára afmælis félagsins tæki ég saman nokkra punkta um tilurð félagsins og fyrstu spor þess. Ég hafði engin gögn við hendina og varð því eingöngu að byggja á brögðulu minni mínu. Þess vegna vil ég að það komi skýrt fram að hér er engin sagnfræði á ferðinni, heldur er sagan rakin eins og ég man hana í stórum dráttum.

Þrátt fyrir að nú sé liðið vel á annan tug ára frá því að ég hætti afskiptum af Íslenskri ættleiðingu, hef ég enn taugar

Íslensk ættleiðing - 20 ára
SAGA OG SVIPMYNDIR
Saga félagsskapar um ættleiðingu barna erlendis frá hófst fyrir tuttugu árum. Á þessum árum hafa margir komið að málum og lagt hönd á plóg. Til að varpa ljósi á sögu Íslenskrar ættleiðingar var leitað í smíðju nokkurra valinkunnra einstaklinga sem unnið hafa að málefnum félagsins á mismunandi tímabilum.

til félagsins og legg jafnan við eyru ef á það er minnst í fjölmiðlum. Ég, eins og allir aðrir stofnfélagar þess, hlýt að fagna hverjum merki áfanga í lífi þessa kjörbarns okkar og óska því og félögum þess allra heilla á þessum tíma-

Gylfi Már Guðjónsson

Guðrún Helga

Sederholm segir frá

starfi ÍÆ þegar félagið

var búið að slíta

barnsskónum

skrifræðið fyrir í nokkrum tilfellum, þ.e.a.s. kerfið í viðkomandi landi var svífaseint og milliliðir oft æði margir.

Ég fylgdist einnig með sjálfstæðum ættleiðingum einstakra hjóna og oft virtust þær ganga hraðar fyrir sig en þegar félagið átti í hlut.

Nokkrum sinnum kom fyrir að lækna- ar höfðu samband við mig fyrir tilstilli sjúklinga sinna, þegar ófrjósemi var staðfest, og reyndist það hið ánægjulegasta samstarf. Oftast voru það konur sem höfðu samband við mig, eiginkonur, mæður eiginkvenna í barnlausum hjónaböndum, tengdamæður, frænkur og svo mætti áfram telja. Mjög sjaldan

höfðu karlar samband við mig vegna ættleiðingarmála. Mér er eftirminnilegt hve kvikan á körlum var aum þegar barnleysi var annars vegar, þeir létu konum sínum eftir að sjá um málið. Þegar isinn hafði verið brotinn og þeir komu fram í dagsljósið þá stóðust þeir flestar eldraunir með þryði. Samstarfið við félagsmenn var alltaf ánægjulegt og vel mætt á fundi félagsins.

Nokkur átök urðu um samkomuhald á vegum félagsins og deildu menn helst um hvort félagið ætti að standa fyrir samkomum eða ekki. Þeir sem vildu hafa samkomur, s.s. jólaskemmtun, sumarferð og fleiri slíkar höfðu greinilega mikla þörf fyrir að hittast og ræða sín mál, auk þess að finna fyrir ríki samkennd, og töldu að samkomur væru af hinu góða. Börnin kynntust, foreldrarir efdust í hlutverkum sínum og fordómar minnkuðu. Þeir sem voru andvígir samkomuhaldi töldu að börnin ættu fyrst og fremst að vera Íslendingar og að þau ættu ekkert sameiginlegt annað en að vera ættleidd, um leið og þessi hópur varaði við því að vekja athygli á viðkvæmu máli á þennan hátt. Athyglin

gæti orðið til þess að fordómar sem fyrir væru í þjóðfélaginu gysu upp og hindruðu frekari ættleiðingar frá framandi löndum. Sitt sýndist hverjum eins og títt er.

Að lokum langar mig að geta þess að barnseignarleyfi fyrir kjörforeldra var ekki til umræðu hjá stjórnvöldum á þessum tíma. Ég átti persónulega mjög erfitt með að sætta mig við það og fyrir rúmum átján árum, þegar ég eignaðist mitt annað kjörbarn, ákvað ég að láta til skarar skriða. Formaður samninganefndar ríkisins hafði tvíneitað mér um barnseignarleyfi og ég ákvað þá að fara á fund fjármálaráðherra, Ragnars Arnalds, og sækja málið hjá honum. Ragnar brást svo vel við málaleitan minni að ég fékk tveggja mánaða leyfi, á staðnum, og þá var fordæmið komið. Þetta var auðsætt réttlætismál, barna og foreldra vegna, og ég nefni þetta hér til þess að hvetja félagsmenn til að gefast aldrei upp þegar þeir berjast fyrir rétti barna sinna, eitt-hvað eða einhverjir láta undan að lokum.

Ég vil óska félaginu til hamingju með afmælið og sendi því baráttukveðjur.

Guðrún Helga Sederholm

Okkar dýrmætasta lífsreynsla

Það var rigningarkvöld í byrjun október sem við stöllum hittum fyrrum formenn félagsins okkar á Súfistanum í Hafnarfirði. Það voru þær Guðbjörg Alfreðsdóttir, sem var formaður 1982 til 1984 og Elín Jakobsdóttir, sem var formaður frá 1984 til 1986. Auk þess að vera formenn sátu þær einnig sem almennir fulltrúar í stjórn félagsins nokkur ár. Þessi tími í sögu félagsins líkt og annar var viðburðaríkur, enda kjarnorkukonur við stjórnvölinn og í stjórnartíð þeirra opnuðust nýir möguleikar á ættleiðingu erlendis frá. Við spurðum þær um starf þeirra í þágu félagsins og um börnin þeirra. Guðbjörg og Elín hafa orðið.

Tvö félög

Guðbjörg: Í stjórnartíð minni, bæði sem formanns og meðstjórnanda, var allt starf rekið frá heimilum stjórnarmanna og því fylgdi mikill erill. Mikið var um viðtöl og margir þurftu að fá upplýsingar og komu í heimsókn. Þegar ég fór að huga að ættleiðingu voru starfandi tvö félög, Íslensk ættleiðing, Guðrún Sederholm var formaður en ég leysti hana síðan af hólmi 1982, og félagið Ísland-Guatemala, þar var María Pétursdóttir á Akureyri formaður. Aðalvinnan var að veita upplýsingar m.a. um hvað þurfti af pappír. Við höfðum mjög gott samstarf við Ásu Ottesen félagsráðgjafa hjá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar. Hún var mjög áhugasöm um málefni okkar og vann mjög faglega að því að gefa umsagnir um umsækjendur. Eigum við henni margt að þakka. Við höldum nokkra fræðslufundi og skrifuðum mikið af bréfum út og reyndum að komast í samband við ættleiðingarheimili erlendis. En aðalvinnan í stjórnartíð minni var að undirbúa væntanlega foreldra, veita upplýsingar um öflun pappíra, fyrirkomulag ferða o.fl. Þá þurftu foreldrar að annast alla pappírsvinnu sjálfir. Félagið Íslensk ættleiðing með Guðrúnu Sederholm í broddi fylkingar kom á sambandi við barnaheimili í Jakarta í Indónesíu 1981. Þar réð ríkjum frú

Darmadji. Þó nokkrum mánuðum síðar komst á samband við annað barnaheimili í Jakarta, fyrir tilstuðlan Maríu Pétursdóttur formanns félagsins Ísland-Guatemala og var þar maður að nafni Johnny sem fór fyrir starfseminni. Alls komu 62 börn frá Indónesíu á árunum 1981 til 1983. Það var mikið og gott samstarf á milli félaganna og árið 1983 voru þau sameinuð.

Sóttur með hraði

Við hjónin gengum í bæði félögin í maí 1981. Mikið hafði verið reynt að koma í gang ættleiðingum frá Guatemala, með litlum árangri. Þetta gekk svo hægt fyrir sig og fólk hrannaðist upp á lista. Guðrún hafði komist í samband við frú Darmadji í Indónesíu. Hún var með lítið barnaheimili í Jakarta. Guðrún hringdi í okkur seint í ágúst 1981 og spurði hvort við vildum hætta við Guatemala og senda í staðinn umsókn til Indónesíu. Við gætum fengið barn þaðan. Ég svaraði að bragði og sagði: „Já, það viljum við“. Við skrifuðum til frú Darmadji og gerðum henni grein fyrir högum okkar og hringdum síðan í hana. Þó ekki sé lengra síðan voru öll símasamskipti erfiðari þá en í dag og ekki hægt að hringja beint. Á þessum tíma voru þrjú börn komin frá Indónesíu. En það fór þó svo að vegna mistaka í dómsmálaráðuneytinu fórum við aftur fyrir í röðinni og tvenn hjón fóru út á undan okkur 22. nóvember. Tveimur dögum seinna var hringt, og þá var það annar eiginmaðurinn sem kominn var út til Jakarta að segja okkur að við ættum lítinn dreng á barnaheimilinu og gætum komið strax að sækja hann. Og þá fór nú allt af stað og við vorum komin út fimm dögum seinna og sáum drenginn okkar í fyrsta skipti 1. desember.

Var vart hugað líf

Elín: Það var fyrir tilstuðlan Maríu Pétursdóttur sem við fórum út og kom dóttir okkar frá barnaheimili Johnny í Jakarta. Hún er fædd 7. apríl 1982 og við fórum út þegar hún var sjö daga gömul og hún



var tíu daga gömul þegar við fórum með hana heim. Johnny tók á móti okkur og var mjög gott skipulag á öllu. Húsið var viggirt og allt hreint og fallegt. Hjúkrunarkonur í búningi hugsuðu um börnin. Við vorum þrenn hjón saman. Dóttir okkar svaf mikið á leiðinni heim og vildi lítið nærast. Þegar við vöknudum morguninn eftir að við komum með hana heim var hún meðvitundarlaus og mikið veik. Það var farið með hana í ofboði upp á spítala og var henni vart hugað líf og hún var á spítala í nokkra daga. Hún hafði líklega fengið í magann og var að þorna upp. Þetta varð til þess að komið var á þeirri föstu reglu að börnin færu strax í lækni skoðun og hefur sú regla haldist síðan. Gestur Pálsson barnalæknir tekur á móti öllum börnum sem ættleidd eru erlendis frá og hefur verið félaginu og öllum foreldrum ómetanlegur fyrir óþrjótandi áhuga og óeigingjarnt starf. Hefur hann reynt okkur bæði þá og síðar frábærlega vel og hefur borið mikla umhyggju fyrir börnunum. Við fórum seinna út til Sri Lanka og sóttum son árið 1985.

Lokast á Indónesíu

Í október 1983 lokast skyndilega á Indónesíu, bara á einni nóttu. Þegar það gerðist voru þrennir foreldrar að sækja börn. Þetta var að sjálfsögðu mikið áfall fyrir þetta fólk. Það var búið að sjá börnin og halda á þeim og þurfti síðan að skilja þau eftir. Indónesar eru 90% múslimar og þeir eru mjög á móti ættleiðingum, sérstaklega burt úr landinu.

Sri Lanka opnast

Elín hefur orðið: Ég varð formaður félagsins 1984, tók við af Guðbjörgu sem var þó með mér áfram í stjórn ásamt fleirum. Ef ég man rétt þá kom frú Darmadji okkur í samband við Hollending að nafni Dammas sem annaðist ættleiðingar frá Sri Lanka. Við buðum hon-



Elín Jakobsdóttir, sem var formaður frá 1984 til 1985, og Guðbjörg Alfreðsdóttir, sem var formaður 1982 til 1984.

um hingað. Hann var milliliður okkar við Sri Lanka. Allir sem ættleiddu flugu í gegnum Amsterdam og hittu hann þar. Fyrst til að fara til Sri Lanka voru þau sem höfðu snúið tömhent heim frá Indónesíu. Það var eins og tappi færi úr flösku þegar við komumst í samband við Sri Lanka. Það fóru 2 hópar á mánudag þrenn til fern hjón í senn og á næstu árum komu 84 börn frá Sri Lanka. Dómsmálaráðuneytið hafði ekki undan að afgreiða pappira og það um að hægt yrði á holskeflunni. Haldnir voru fundir með ráðuneytinu sem var illa undir það búið að afgreiða slíkan fjölda umsókna og reynt að skipuleggja málin þannig að aðeins einn úr hópi þeirra sem færu saman væri tengiliður við ráðuneytið. Um það leyti komu karlmenn inn í stjórn félagsins, þeir Jón Hilmar Jónsson og Helgi Bjarnason. Það var mjög gott að fá þá inn í stjórn, það styrkti stöðu félagsins út á við, en á þessum tíma virtist t.d. sem ráðuneytisfólkinu þætti betra að ræða við karla en konur.

Guðbjörg og Elín eru sammála um að þátttaka þeirra í stjórn félagsins hafi á margan hátt verið gefandi starf og það sé ánægjulegt að sjá félagið dafna eins og það hefur gert á undanföllum árum. Fyrir nokkrum árum var haldinn Indónesíudagur fyrir börn frá Indónesíu og foreldra þeirra. Það var mjög gaman og krakkarnir voru ánægð með þetta og hafa oft minnst á það. Það væri gaman að endurtaka það. Velfarnaður félagsins skiptir okkur öll miklu máli og tilvera þess minnir okkur á hver er okkar dýrmætasta lífsreynsla.

*María J. Gunnarsdóttir
og Snjólaug Stefánsdóttir*

María Pétursdóttir skrifar:

Ættleiðingar frá Guatemala



Íslensk ættleiðing á öðrum þræði rætur sínar að rekja til félagsins Ísland-Guatemala, sem starfandi var á árunum um og eftir 1980. Hjónin Benedikt Ólafsson og María Pétursdóttir voru í forystusveit félagsins í upphafi, og við báðum Mariu að greina okkur ofurlítið frá tildrögum þess að félagið varð til og í hverju starfsemin var fólgin. Við gefum Mariu orðið:

Félagið varð til af beinni þörf að því leyti að við þurftum að hafa félagsskap til að annast samskipti við þá sem við vorum í tengslum við á Guatemala og við yfirvöld þar í landi. Annars var félagið eiginlega aldrei formlega stofnað, það bara varð til.

Það var í júní 1979 að við Benedikt fréttum af hjónum sem höfðu ættleitt dreng í Guatemala. Maðurinn starfaði sem flugvélstjóri hjá Arnarflugi, en Arnarflug sá þá um leiguflug á milli Guatemala og Miami í Florida. Ég fór til Reykjavíkur og hitti konuna og drenginn, sem var fæddur í desember 1978. Hjá þessum hjónum fengum við nafn og heimilisfang konu, Monteros að nafni, sem aðstoðaði einstæðar mæður í Guatemala. Við skrifuðum frá Monteros bréf í júlíbyrjun og hún svaraði okkur fljótt og greiðlega og gaf okkur góðar vonir um að af ættleiðingu gæti orðið. Reyndar kom í ljós nokkru síðar að önnur íslensk hjón höfðu ættleitt dreng frá Guatemala um páskana 1979.

Við sendum alla umbeðna pappira til Guatemala og biðum þess að heyra aftur frá Monteros. Í ársbyrjun 1980 fengum við bréf þar sem okkur var sagt að við ættum nýfædda dóttur á fæðingarheimili í Guatemala. Fáeinum vikum síðar héldum við utan til að sækja barnið, en er út var komið kom upp það óvænta vandamál að passann vantaði fyrir Mariu dóttur okkar, svo að við komumst ekki með hana heim. Það var erfitt að þurfa að fara aftur til Íslands án þess að hafa hana með okkur, en það var áfram unnið að lausn málsins og við vorum svo gæfusöm að María var í föstri hjá hjónum Roberto og Kathy Wer en þau önnuðust um mörg börn sem biðu ættleiðingar og nutu ekki forsjár foreldra sinna. Þar með komst á samband sem átti eftir að skipta sköpum fyrir mörg íslensk hjón, því að Wer-hjónin höfðu síð-

an milligöngu um flestallar ættleiðingar barna frá Guatemala til Íslands. Hvatinn að þeim samskiptum var ekki síst sá að nokkru eftir að María dóttir okkar komst loks heim, en það var í ágúst 1980, birtist viðtal við okkur Benedikt í Vísu. Viðtalið vakti viðbrögð margra sem höfðu áhuga á ættleiðingu, það hringdu margir til okkar og báðu um upplýsingar og aðstoð. Þessi viðbrögð leiddu síðan til þess að félagið Ísland-Guatemala var stofnað.

Það kom að mestu leyti í okkar hlut að annast samskiptin við Roberto og Kathy Wer um ættleiðingar frá Guatemala til Íslands. Öll þau samskipti voru ákaflega ánægjuleg og margs að minnast. Þau hjónin komu hingað til lands sumarið 1981 og dvöldu hér í viku-tíma. Reynt var að gera þeim dvölina sem ánægjulegasta, þau heimsóttu íslensk hjón víða um land sem þegar höfðu ættleitt börn frá Guatemala en við lögðum okkur einnig fram um að þau fengju að kynna landinu og ferðumst með þeim um Suðurland, til Vestmannaeyja og um Myvatnssveit.

Alls hafa verið ættleidd um það bil 20 börn frá Guatemala til Íslands, flest á árunum um og eftir 1980, á meðan Ísland-Guatemala starfaði sem sjálfstætt félag. Árið 1983 var ákveðið að sameina þau tvö félög sem þá störfuðu að ættleiðingarmálum, Ísland-Guatemala og Íslenska ættleiðingu, og það félag hefur síðan borið nafnið Íslensk ættleiðing. Ástæðan fyrir sameiningunni var fyrst og fremst sú að sama fólk hafði leitað til beggja félaganna svo að þau höfðu sameiginlega hagsmuna að gæta, en auk þess var þrýst á um að sá félagsskapur sem starfaði að ættleiðingum erlendis frá fengi löggildingu og starfsemin yrði formlegri og kæmist í fastari skorður.

Svip- myndir úr sögu félagsins

*Ýmislegt hafa félagsmenn
gert sér til skemmtunar
síðastliðin 20 ár.*

Fastir liðir í starfinu eru útilegan sem verið hefur árlegur viðburður frá 1986 og er orðinn þáttur í sumarfrí margra fjölskyldna félagsins, svo og jólaböllin, en fyrsta jólaballið var haldið árið 1983.

Auk þess hefur félagið staðið fyrir ýmsum uppákomum, m.a. kynningum á löndum barnanna, með t.d. Indónesíu-, Srí Lanka- og Indlands- „dögum“ þar sem börnin hafa komið með foreldrum sínum og fræðst um fæðingarlönd sín, og hafa þessar uppákomur verið mjög vel sóttar og allir haft ánægju af. Við höfum tekið á móti erlendum sendiherrum sem hafa viljað hitta börnin og fjölskyldur þeirra, haldið ýmsa fræðslufundi þar sem við höfum fengið t.d. sálfræðinga og félagsfræðinga með fróðleg og skemmtileg erindi, og það nýjasta í starfinu er unglingaklúbburinn „People in Black“ sem hefur verið mjög vel tekið af unglingunum okkar.



Útilegustemning.





Málað á poka. Í útilegu á Laugum í Pingeyjarsýslu



Sendiherra Indlands heimsótti okkur á skrifstofuna í júní 1997 og hitti nokkur börn og fjölskyldur þeirra.





Fjölskyldufundur á Hótel L tengiliður félagsins við Ind



Grillveisla í útilegu að Varma-
landi, Borgarfirði 1994.

Fyrirverandi stjórnarmenn syngja
af hjartans lyst í einni af útileg-
um félagsins. (Helgi, Engilbert,
Jón Hilmar)



Þittleiðum 1983 þegar Darmadji sem var fyrsti
nesiu heimsótti Ísland.



Ánægðar sölukonur að afloknum
fyrsta basar félagsins 1991.
(Guðrún, Olga, Ingibjörg)



Frá Sri Lanka-degi 1986. Ingibjörg
formaður ásamt Engilbert eigin-
manni sínum og Arý frá Sri Lanka í
þarlandum klæðnaði.



Jólasveinn félagsins með ungum
aðdáanda.

Viðtal við
Guðrúnu Ó.
Sveinsdóttur

Bjartsýn á að lífið verði þeim gott

Enginn hefur starfað lengur að málefnum Íslenskrar ættleiðingar en Guðrún Sveinsdóttir. Undanfarin ár hefur Guðrún verið starfsmaður félagsins og hún þekkir því betur til starfseminnar en nokkur annar. Undirritaður hitti Guðrúnu að máli til að fræðast um þann tíma er ættleiðingarsamband komst á við Sri Lanka og síðan Indland og til að heyra um helstu breytingar sem orðið hafa á starfseminni síðustu árin. Hún var fyrst spurð um það hvernig það atvikaðist að farið var að ættleiða börn til Íslands frá Sri Lanka árið 1984.

Það var þannig að þegar lokaðist á sambandið við Indónesíu fór ég sjálf af stað til að finna einhvern möguleika til ættleiðinga. Eftir að hafa rekist á grein um ættleiðingar í þýsku blaði komst ég í samband við hollenskan mann sem hafði milligöngu um ættleiðingar frá Sri Lanka, Dammas Hordijk. Hann tók vel í þá málaleitan að aðstoða íslensk hjón sem hefðu hug á að ættleiða börn frá Sri Lanka. Þá stóð svo á að nokkur hjón höfðu orðið að snúa barnlaus frá Indónesíu, og þau voru látin hafa forgang enda höfðu þau sína pappíra tilbúna. Við hjónin vorum svo í fyrsta hópnum sem fór þar á eftir. Dammas kom reyndar hingað til Íslands á meðan við vorum á Sri Lanka, og þá var gengið nánar frá samstarfi hans við félagið.

Hvað voru mörg börn ættleidd hér á landi frá Sri Lanka þau tvö ár sem þetta samband stóð?

Börnin eru 84 talsins, en íslensku fjölskyldurnar eru um 70 því að nokkur hjón ættleiddu tvö börn.

Hvernig voru svo samskiptin við þá sem áttu hlut að ættleiðingunum á Sri Lanka?

Dammas hafði milligöngu um samskipti okkar við lögfræðing á Sri Lanka sem annaðist ættleiðingarferlið þar í landi. Fólk fékk í hendur greinargóðar upplýsingar um allt sem viðkom ættleiðingunni og væntanlegri ferð til Sri

Lanka, strax og það skræði sig á biðlista og hóf undirbúning að ættleiðingu.

Nú var þetta býsna mikið starf sem félagið og stjórnin þurfti að annast á meðan tengslin við Sri Lanka voru sem virkust. Það var kannski að nokkru leyti hvatinn að því að starfsemin komst í fastari skorður á næstu árum.

Já, það hvíldi einkum og sér í lagi á formanni félagsins, fyrst Elinu Jakobsdóttur og síðan Engilbert Valgarðssyni, að miðla upplýsingum til þeirra sem sneru sér til félagsins og taka við gögnum sem síðan voru send áfram til Sri Lanka. En stjórnin sneri sér einnig að því að leita fleiri leiða í ættleiðingarmálum, og eftir að sambandið komst á við Indland varð stjórnin að takast á við ný verkefni og félagið fékk stórukið hlutverk sem síðan hefur farið vaxandi.

Reynslan sýnir að mörg ættleiðingarsambönd eru ótrygg og þau geta rofnað með litlum fyrirvara. Það hlýtur því að vera sérstaklega ánægjulegt hversu vel hefur tekist að viðhalda og treysta það samstarf sem félagið hefur átt við barnaheimili í Calcutta um ættleiðingar frá Indlandi. Hver var aðdragandinn að því að þessi tengsl komust á?

Forsendan fyrir því var sú að tekist hafði að fá meðmælalabréf frá dómsmálaráðuneytinu um félagið og þar með var ljóst að félagið var formlega

viðurkennt af Íslenskum yfirvöldum. Með þetta bréf að vopni skrifuðum við á annað hundrað bréf til félaga og stofnana víða um heim, þ.á m. til allra þeirra barnaheimila á Indlandi sem höfðu leyfi til að annast ættleiðingar til útlanda. Meðal þeirra sem svöruðu var þetta barnaheimili í Calcutta, sem okkur leist strax mjög vel á. Þetta samband hefur reynst okkur afar mikils virði og það hefur nú staðið í bráðum 11 ár.

Segðu okkur ofurlítið nánar frá upphafi samstarfsins.

Það svaraði okkur kona sem þá var nýlega farin að reka barnaheimili, Chandana Bose. Hún sendi okkur greinargóðar leiðbeiningar um hvernig við ættum að standa að málum. Við sendum frá okkur umsóknir og fengum upplýsingar um börn sem biðu ættleiðingar svo að þetta fór strax af stað. Indversk stjórnvöld höfðu tekið fram að þau krefðust þess að það væri skrifstofa hér á Íslandi sem sæi um ættleiðingarmálin og væri ábyrg fyrir samskiptunum við Indland. Þess vegna var ráðist í að opna skrifstofu á vegum félagsins sem hefur verið starfrækt síðan 1988.

Samstarfið við þetta barnaheimili á Indlandi hefur verið býsna viðtækt og þar hafa félagsmenn Íslenskrar ættleiðingar ekki aðeins verið þiggjendur.

Það er rétt. Indversk stjórnvöld



Guðrún og Chandana Bose með Tómas son Guðrúnar.

gera kröfu um það að stofnanir sem ættleiða börn úr landi séu líka með góðgerðarstarf og það er gengið hart eftir því að stofnanirnar gegni þessari skyldu. Við höfum reynt að styrkja þetta góðgerðarstarf eftir fremsta megni og átt mjög gott og vinsamlegt samstarf við forráðamenn barnaheimilisins í því efni, fyrst Chandönu á meðan hennar naut við en hún lést langt um aldur fram fyrir tveimur árum, og síðan við Anju mágkonu hennar sem nú hefur tekið við stjórn barnaheimilisins. Og samstarfið um ættleiðingarnar sjálfar hefur einnig verið mjög ánægjulegt. Þó börnin hafi ekki verið mörg á hverju ári er hópurinn orðinn býsna stór eða nærri því 90 börn.

Ég þykist vita að eftir að skrifstofunni var komið á fót hafi samskiptin við ættleiðingaryfirvöld hér á landi einnig styrkst og orðið virkari en áður.

Samskipti okkar við dómsmálaráðuneytið hafa aukist á undanförnum árum. Við höfum átt samstarf við norræn ættleiðingarfélög. Þau hafa mörg starfað lengur en við og hafa haft fjárráð til að gera ýmislegt fyrir sínar fjölskyldur sem við höfum fengið að kynnst og höfum lært af.

Hvað hefur svo verið að gerast allra

síðustu árin, hafa myndast tengsl við fleiri lönd?

Já, við höfum reynt að mynda fleiri tengsl því að það er ótryggt að vera háður einu sambandi. Við komumst í samband við tælensk stjórnvöld en það hefur reynst flókið að ættleiða þaðan og til þessa hafa einungis verið ættleidd þrjú börn frá Tælandi. Samband við Rúmeníu er þegar komið á og þaðan hafa komið fjögur börn á vegum félagsins. Við bindum miklar vonir við að þetta samband styrkist og börnum frá Rúmeníu fjölgi á næstu árum.

Nú höfum við verið að tala um meginþáttinn í starfsemi félagsins, þjónustu og fyrirgreiðslu við þá sem óska eftir að ættleiða börn erlendis frá. En félagið hefur þar að auki verið viss vettvangur þeirra sem eiga ættleidd börn og jafnvel vettvangur barnanna sjálfra. Hvað viltu segja um þennan þátt?

Ég vona að þessi þáttur í starfi félagsins fari vaxandi. Það er orðin föst hefð að halda jólaball og fara í útilegu einu sinni á sumri. Jólaböllinn hófust um 1980 og fyrsta útilegan var 1986. Á síðari árum höfum við svo haldið uppi fræðslu fyrir umsækjendur og

efnt til fræðslufunda fyrir foreldra. Og í fyrravetur var starfræktur unglinga-klúbbur. Ég held að það skipti miklu máli að við bjóðum upp á starf sem fjölskyldurnar hafa ánægju af og að krakkarnir eigi þess kost að kynnst.

Nú munu börnin sem fædd eru á Sri Lanka setja sterkan svip á fermingarbarnahópinn í vor, og reyndar fermdust elstu börnin frá Sri Lanka á þessu ári. Hvernig finnst þér lífið blasa við þessum hópi nú þegar unglingsárin eru fram undan?

Ég er bjartsýn á að lífið verði þeim gott. Sumir segja að unglingsárin séu ættleiddum börnum erfiðari en öðrum börnum. Það er auðvitað mikið rót á tilverunni á þessum aldri en ég hef engar áhyggjur af því að börnunum okkar vegni ekki vel. Þetta eru góðir og greindir krakkar og ég held að þeir eigi alla möguleika á því eins og aðrir íslenskir unglingar að eiga góða ævi.

Jón Hilmar Jónsson

Ferðasaga Ragnheiðar Kristínar Björnsdóttur sem fór ásamt eiginmanni sínum til Kólumbíu til að sækja Kjartan Björn

Ætli þetta sé litli prinsinn minn!

Mamma, það er síminn til þín, sagði Kjartan Björn Elisson 7 ára sonur minn er síminn hringdi rétt fyrir mánaðamótin sl., það er einhver Olga. Í símanum var kona að nafni Olga sem vinnur hjá Íslenskri ættleiðingu og var erindið að athuga hvort við hjónin værum viljug og hefðum tíma til þess að segja frá ferð okkar til Kólumbíu í Suður-Ameríku vorið 1993 en við vorum svo lánsöm að eignast dreng þá 19 mánaða frá Kólumbíu.

Eftir að hafa farið í 4 misheppnaðar ferðir til Englands í glasafrjövgun ákváðum við að ættleiða barn. Við rákumst á grein í blaði frá Íslenskri ættleiðingu sem sagði frá hjónum sem höfðu ættleitt tvö börn frá Kólumbíu. Við settum okkur í samband við hjónin og hittum þau svo ásamt börnum þeirra og fræddumst um ættleiðingarferlið sem þau fóru í gegnum. Einnig heimsóttum við önnur hjón og son þeirra sem þau höfðu ættleitt en þau voru búsett í Svíþjóð. Það var kominn hugur í okkur og ákváðum við að skrifa sjálf út til Kólumbíu til Bienistar Familiar (þeirrar deildar félagsmálaráðuneytisins sem sér um ættleiðingar). Fljótlega fengum við upplýsingar um öll þau gögn sem við þurftum að útvega. Við vorum í bréfasambandi við stofnunina úti í u.þ.b. 2 ár.


Loksins var komið að því, með póstinum 18. mars 1993 kom óvenju þykkt bréf og í því var mynd af stráknum okkar og upplýsingar um hann. Nú tók við mikið annríki en við vorum nýbúin að selja húsið okkar og kaupa annað. Allt þurfti að ganga upp og u.þ.b. einum mánuði eftir að við fengum bréfið

langþráða skiluðum við af okkur húsinu okkar til nýrra eigenda og héldum út í heim á vit nýrra ævintýra tilbúin að hefja nýtt líf. Þann 15. apríl vorum við svo á leið til Kólumbíu. Við flugum til London og daginn eftir héldum við til Kólumbíu. Þvílíkt spennufall og þreyta, pappírsvinnan var búin að vera mikil þessi tvö ár. Við það nutum við dyggjar aðstoðar Sonju Diego skjalabýðanda og Cabrera fjölskyldunnar. Áttu foreldrar þeirra þriggja systkina sem eru búsett hér á landi og aðstoðuðu okkur eftir að taka vel á móti okkur í Kólumbíu.

Við lentum í Kólumbíu að kvöldi og fórum í gegnum flugstöðina vandræðalaust. Maður með skilti sem á stóð Halifax tók á móti okkur, en það var gistiheimilið þar sem við höfðum pantað gistingu, og er eingöngu ætlað fólki sem er að ættleiða börn. Við ókum sem leið lá að gistiheimilinu. Við staðnæmdumst fyrir utan stórt rimlahlið, elskuleg kona opnaði fyrir okkur og vísaði okkur inn. Okkur til undrunar var allt á floti á jarðhæðinni og verið að þrifa í óðaönn. Margra metra há planta var á miðju gólfi og glerþak yfir sem nú var mölbrotið og svo hafði rignt mikið og allt á floti. Við höfðum heyrt á leiðinni í vélinni að sprengja hafði sprungið nálægt miðborginni og voru þetta afleiðingar hennar. Enginn hafði slasast á gistiheimilinu og allt var komið í lag daginn eftir. Sérstakt andrúmsloft var á Halifax, fólk að biða eftir barni, fólk nýkomið með barn, enn aðrir í pílagrímsferð með uppkomin ættleidd börn. Mikið var um Svía þarna. Við máttum ganga í ísskápin og fá okkur drykki og jógúrt sem við gerðum svo upp þegar við fórum.

Notalegur matsalur var á jarðhæðinni og var maturinn svipaður því sem við eigum að venjast þar sem allt var sniðið að þörfum Svíanna. Þann 17. apríl sóttu Cabrerahjónin okkur og keyrðu okkur um Bogotá. Eftir skoðunarferðina var okkur boðið á heimili þeirra og svo í kvöldverð. 18. apríl fengum við leigubilstjórann sem hafði sótt okkur á flugvöllinn til þess að keyra okkur yfir Andesfjöllin til bæjar er stendur við rætur Andes og heitir Villavicencio, en þar beið okkar lítill drengur. Ferðin sóttist hægt, beygjur voru margar og krappar. Við fórum upp úr dalnum sem Bogotá er í og svo niður að rótum fjallgarðsins og bar margt fallett fyrir augu okkar á leiðinni. Hitinn jókst og suðræn tónlist barst okkur til eyrna frá viðtækinu í bilnum er við nálguðumst Villavicencio. Mér var orðið ómótt og var mjög þreytt eftir 3ja tíma akstur 50 km leið. Þá var að leita að hóteli. Bilstjórinn stakk upp á ódýru ágætu hóteli en okkur leist ekki á að vera með barn þar. Við enduðum á dýrasta hóteli í bænum en það var vel þess virði þar sem það átti eftir að verða heimili okkar í alllangan tíma. Herbergin voru nokkuð stór en enginn íburður. Það sem okkur fannst best var að góðar laugar voru í garðinum og útsýnið stórfenglegt. Trjágróður eins og augað eygði í aðra áttina og útsýni yfir borgina í hina. Í garðinum voru mangótré, páfuglar og bambar, hreint eins og í ævintýri. Þennan sama dag hittum við lögfræðinginn okkar en hún heitir Olga Yamille Torres. Hún bjó í Bogotá en var uppalin í Villavicencio og var því heimavön.

Stóri dagurinn rann svo loksins upp að morgni 19. apríl 1993. Við ásamt



enskum túlk og lögfræðingnum héldum á fund félagsmálayfirvalda er höfðu með ættleiðinguna að gera í falleg húsakynni þeirra þar í borg. Eftir viðtalið og þegar búið var að ganga úr skugga um að allir pappírar væru með, vandlega stimplaðir, áttum við að fá að sjá drenginn okkar og fá að hafa hann á meðan ættleiðingin gengi í gegn þar í landi. Þessi háttur er hafður á til þess að sjá hvernig nýju fjölskyldunni gengur að samlagast. Drengnum okkar hafði verið komið í tímabundið fóstur frá u.þ.b. eins árs aldri hjá fjölskyldu sem hafði tekið að sér að sjá um 2-3 munaðarlaus börn. Biðin eftir honum fannst okkur löng. Eitt sinn er mér lítið út um glugga á annarri hæð og sé ég þá konu á miðjum aldri leiða lítinn dreng sér við hlið. Ég hugsaði með mér: Ætli þetta sé litli prinsinn minn! Jú sú var raunin, með þeim í för var tvítugur sonur konunnar. Ég gleymi aldrei

þeirri stundu er dyrnar opnuðust og mæðginin með tárin í augunum gengu inn ásamt gullfallegum litlum feimnum dreng. Konan, Ana Rosa, stjakaði drengnum til okkar Elísar en við vorum bæði komin á hnén til þess að nálgast hann. Ég tók hann í fangið, og þvilíkar tilfinningar, þetta var veruleikinn og ég grét og sonur okkar grét. Elís tók hann í fangið og þar sofnaði hann á pabba-öxl eftir að hafa grátið sig í svefn. Dagarnir sem á eftir fóru gengu ótrúlega vel. Við gáfum drengnum okkar nafnið Kjartan Björn eftir öfum sínum á Íslandi og svaraði hann því strax eins og hann hefði alltaf borið þetta nafn. Kjartan varð mjög náinn okkur strax og við sannfærð um að okkur hafi alltaf verið ætlað að hittast. Við dvöldum ekki nema tvær vikur í Villavicencio þar sem pappírsvinnan gekk eins og í sögu. Við ferðuðumst um svæðið á milli þess sem við vorum stödd í dómshúsi eða á

skrifstofum. Elís fékk matareitrun eftir að hafa borðað heimaslátraðan kjúkling á búgarði þar sem við vorum gestkomandi. Við keyrðum svo aftur til Bogotá og gistum í Halifax í þrjár nætur. Á mæðradaginn var haldin ógleymanleg skemmtun með hljómlistar-mönnum, dansi og góðum mat. Við áttum ekki pantað flug heim strax svo við ákváðum eftir að Elís fór að líða betur að fljúga til Cartagena sem er við Karabíska hafið og dvelja þar í eina viku. Þar áttum við mjög góðan tíma í fallegu umhverfi og góðu veðri. Tilvalinn tími til þess að kynnast betur í róleghetum. Við flugum svo aftur til Bogotá eftir vikuvöl og daginn eftir héldum við til London. Við vorum mjög þreytt og Kjartan Björn hafði verið flugveikur á leiðinni. Við fengum inni á hóteli í London og hugsuðum næsta leik. Við áttum ekki að fá nýja húsið okkar afhent fyrr en eftir 11 daga. Áttum við að halda áfram heim og búa hjá ættingjum eða lengja dvölina í Englandi þar til við kæmumst í húsið okkar? Við ákváðum að fara til Bourn í sveitakyrrðina og dvelja þar. Systir mín kom til London og var með okkur í Bourn þar til við héldum heim til Íslands aftur.

Kjartan Björn er nýorðinn sjö ára og er yndislegur drengur, hamingjusamur og samlagast vel sínum jafnöldrum. Honum hefur frá upphafi verið kunnugt um uppruna sinn og er það mjög mikilvægt að okkar mati að engu sé haldið leyndu hvað það varðar. Fyrir einu og hálfu ári síðan varð Kjartan Björn "stóri bróðir" en þá fæddist honum systir.

Réttarbætur vegna ættleiðinga

Velvild og skilningur er meginreglan í afstöðu löggjafans til ættleiðenda. Ég fann það glögt sjálfur árið 1995 þegar ég lagði ásamt Sigríði Önnu Þórðardóttur, alþingismanni, fram frumvarp þar sem lagt var til að brott væru numdar úr lögum síðustu leifar ójafnréttis sem kjörbörn eða foreldrar þeirra sættu. Á Alþingi þykir ekki sjálf-sagt mál að samþykkja frumvörp sem þingmenn í stjórnarandstöðu beita sér fyrir. Þessi þarfa réttarbót, sem laut einkum að breytingu fæðingarorlofs kjörforeldra til samræmis við aðra foreldra, var þó samþykkt án mikilla málalenginga á sama þingi.

Þegar ég samdi frumvarpið notaði ég nýfengna tölvutækni til að lúsleita í öllum lögum, þar sem drepð var á ættleiðingar, í því skyni að finna þau ákvæði sem fólu í sér einhver merki um ójafnrétti gagnvart okkur, sem höfum ættleitt, eða börnum okkar. Eftir að þau lög tóku gildi á því ekki að vera eitt einasta lagaákvæði, þar sem gætir einhver mismununar í okkar garð. Enn finnst að vísu eitt dæmi um ójafnrétti í okkar garð. Það er þó ekki í lögum, heldur í reglugerð sem er á ábyrgð fjármálaráðuneytisins.

Lögin, og réttarbæturnar sem í þeim fólust, reifa ég hér á eftir, rek þetta eina dæmi sem enn lifir í opinberum reglum þar sem kjörbörnum og foreldrum þeirra er mismunað, og klykki út með nokkrum orðum um ótrúlegt sleifarlag dómsmálaráðuneytisins við endurskoðun ættleiðingalaganna, sem er farið að hamla möguleikum Íslendinga til að ættleiða börn að utan.

Lengt og breytt fæðingarorlof

Sárasta misréttið sem ættleiðandi foreldrar sættu fólst í skemmra fæðingarorlofi en aðrir foreldrar nutu. Áður en

frumvarp okkar Sigríðar Önnu var samþykkt fengu þeir aðeins fimm mánaða fæðingarorlof meðan aðrir foreldrar fengu sex mánaða orlof. Ástæðuna má rekja til galla á lögum þar sem fæðingarorlof var skilgreint sem leyfi frá launuðum störfum vegna fæðingar eða meðgöngu, án þess að minnst væri auka-teknu orði á ættleiðingar.

Til að taka af öll tvímæli í því efni var skilgreiningunni breytt á grundvelli frumvarps okkar Sigríðar Önnu. Breytingin fól í sér að frumættleiðingum var bætt inn í hana. Af því leiddi að fæðingarorlof vegna kjörbarna lengdist sjálfkrafa úr fimm mánuðum í sex, einsog gildi um öll önnur börn.

Lögin um fæðingarorlof mismunuðu kjörforeldrum einnig að öðru leyti. Þó þau heimiluðu verðandi mæðrum að hefja töku fæðingarorlofs mánuði fyrir fæðingu leyfðu þau kjörmóður ekki að fá fæðingarorlof fyrr en barnið var komið í hennar hendur. Ættleiðingar Íslendinga hafa hins vegar, líkt og hjá flestum vestrænum þjóðum, þróast með þeim hætti að langmestur hluti kjörbarna kemur nú erlendis frá. Í langflestum tilvikum þurfa væntanlegir kjörforeldrar þá að dvelja langtímum saman í upprunalandi barnsins, meðan gengið er frá ættleiðingunni fyrir dómstólum viðkomandi lands. Þetta þekkjum við öll og jafnframt að kostnaður við ættleiðingar að utan er því mikill vegna ferðalaga og vinnutaps.

Það var því augljóst sanngirnismál að veita þeim mæðrum, sem ættleiða barn erlendis frá, kost á því að hefja töku fæðingarorlofs mánuði áður en ættleiðingarferillinn getur hafist hér á landi. Í frumvarpi okkar var því lagt til að ættleiðandi móður, sem fer utan til að sækja barn, verði heimilt að hefja töku fæðingarorlofs við upphaf ferðar. Á þetta féllst Alþingi, og kjörmæður njóta því sama réttar í þessu efni og aðrar mæður.

Mikilvægustu tengslin

Aðrar mikilvægar breytingar á fæðingarorlofi í tilviki ættleiðinga voru einnig samþykktar með frumvarpi okkar. Þær fólu í sér að kjörfeður öðluðust sama rétt og aðrir feður til að taka hluta fæðingarorlofsins. Sömuleiðis var samþykkt, að væru fleiri en eitt barn ættleitt í einu lengdist fæðingarorlof um einn mánuð fyrir hvert barn umfram eitt. Þetta er samsvarandi þeim ákvæðum sem gilda um fjölbura fæðingar. Þess má geta, að þegar lögum var aftur breytt í því augnamiði að lengja fæðingarorlof vegna veikinda barns, þá var þess gætt að láta hið sama gilda um kjörbörn.

Í fljótu bragði er erfitt að skilja á hverju þessi gamla mismunun fæðingarorlofslaganna gagnvart ættleiðingum byggist. Líklega má rekja hana til þeirra tíma, þegar kjörforeldrar fengu börn sín fyrst og fremst innanlands. Löggjafinn taldi þá að kynmóðirin þyrfti einn mánuð til að ná sér eftir fæðingu barnsins og dró hann einfaldlega frá þeim tíma sem kjörmóðirin fékk í fæðingarorlof.

Þessi stytting fæðingarorlofs kjörmóður gengur þó ljóslega í berhögg við hina upphaflegu hugsun sem lá að baki lögum um fæðingarorlof. Fyrir utan að gefa móður tómt til að ná sér eftir fæðingu var meginhlutverk þeirra nefnilega að veita uppalendum færi á að skapa sem traustust tengsl milli sín og barnsins í frumbernskunni. Á fleiri rannsóknir hafa leitt í ljós að þessi tengsl eru hin mikilvægustu sem einstaklingurinn myndar á lífsleiðinni. Það þarf ekki að rökstyðja að ættleitt barn þarfnast þessara nánu tengsla að minnsta kosti í jafn ríku mæli og barn, sem er alið upp af kynmóður sinni.

Í því tilviki þegar barn er ættleitt við eða skömmu eftir fæðingu þess hér innanlands, er vitaskuld sjálfsgætt að hið opinbera leggi sitt af mörkum til að gefa



móðurinni ráðrúm til að ná sér eftir fæðingu. Jafn sjálfsgætt er hins vegar að veita kjörforeldrum sömu möguleika og öðrum foreldrum til að mynda nauðsynleg tengsl við hið nýja barn. Á þetta sjónarmið féllst Alþingi þegar það samþykkti frumvarp okkar Sigríðar Önnu.

Barnalífeyrir

Þegar ég var að undirbúa frumvarp okkar tvímenninganna með því að lesa lagaákvæði sem snertu kjörbörn kom mér óþægilega á óvart að undir lok 20. aldarinnar var að finna mismunun gagnvart þeim í þrennum lögum þar sem fjallað var um barnalífeyri.

Langmikilvægasta ákvæðið var í lögum um almannatryggingar. Þar var mælt svo fyrir að við fráfall eða örorku kjörforeldris yrði kjörbarn að hafa verið á framfæri þess í að minnsta kosti tvö ár til að skapa rétt til barnalífeyris. Engar slíkar kröfur voru hins vegar gerðar til annarra barna.

Í lögum um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda og Lífeyrissjóð bænda voru jafnframt ákvæði, sem leiddu til þess að

kjörbörn sköpuðu ekki sama rétt til makalífeyris við fráfall sjóðfélaga og önnur börn, nema ættleiðingin hefði átt sér stað áður en sjóðfélaginn varð sextugur, áður en hann missti starfsorku og að minnsta kosti einu ári áður en hann lést.

Að sjálfsgöðu eru engin rök sem réttlættu þessa mismunun, enda samþykkti Alþingi að nema hana úr gildi.

Síðasta misfellan

Þær réttarþætur, sem fólust í samþykkt frumvarps okkar Sigríðar Önnu, útrýmdu því síðustu leifum misréttis sem hægt var að finna í íslenskum lögum gagnvart kjörbörnum og foreldrum þeirra. Eina misfelli er þó enn að finna í opinberum reglum. Það er ákvæði í reglugerð, sem staðfest er af fjármálaráðherra fyrir Samband almennra lífeyrissjóða, þar sem fjallað er um barnalífeyri öryrkja.

Þar segir, að sé sjóðfélagi úrskurðaður lífeyrir úr sjóðnum vegna 100% örorku, þá fá þau börn hans sem eru fædd áður en örorkan verður eða á næstu tólf mánuðum þar á eftir, ákveðinn bótarétt.

Íslensk ættleiðing 20 ára

Kjörbörn, sem viðkomandi eignast á tólf mánaða skeiði eftir að örorkan verður, fá hins vegar ekki sama rétt.

Væntanlega stafar þetta af því, að þegar þessi ákvæði voru fyrst sett, voru kjörbörn fyrst og fremst fengin innanlands. Reglugerðin virðist því miða að því að koma í veg fyrir að 100% öryrki ákveði, eftir að heilsutjón hefur orðið, að ættleiða barn og baka þannig sjóðnum útgjöld. Það er í sjálfu sér afstaða sem ekki er hægt að fallast á, þar sem hún mismunar ljóslega kjörforeldrum í sam-anburði við aðra foreldra. Nú hafa ættleiðingar jafnframt breyst, einsog við öll þekkjum, þannig að langflest kjörbörn koma erlendis frá. Undirbúningur ættleiðingarinnar getur þá tekið langan tíma og jákvætt svar um ættleiðingu verið komið löngu áður en kjörforeldrið lendir í heilsutjóninu. Það er því algerlega rangt samkvæmt öllum siðferðilegum mælistikum að ætlast til að kjörbarn skapi ekki sama rétt og önnur börn undir nákvæmlega sömu kringumstæðum.

Þess ber þó að geta að engin dæmi eru þekkt um að á þetta ákvæði hafi reynt. Það er þó jafn rangt fyrir því. Ég hef því nýlega beint því til SAL að hlutast til um breytingar hið fyrsta, og því var afar vel tekið af Hrafn Magnússyni, forstöðumanni. Reglugerðin er staðfest af fjármálaráðherra og það er því á ábyrgð ríkisstjórnarinnar að ganga frá nauðsynlegum breytingum, að fengnum tillögum

Össur
Skarphéðinsson



um það frá SAL. Ég dreg ekki í efa að það verður auðfengið.

Endurskoðun ættleiðingalaganna

Einsog staðan er í dag er því búið að útrýma síðustu leifum lagalegs misréttis gagnvart ættleiðingum. Enn skortir þó nokkuð á að þeir sem ættleiða börn erlendis hafi sama stuðning af hálfu ríkisins og tíðkast á Norðurlöndunum, þar sem ríkið veitir slíkum foreldrum ríflegan fjárstuðning upp í ferðakostnaðinn. Þetta er eitt af því sem þarf að leiða í lög hér á landi. Þegar Þorsteinn Pálsson, dómsmálaráðherra, var inntur eftir þessu árið 1994 kvaðst hann hafa málið í athugun og myndi taka ákvörðun um slíka styrki að henni lokinni. Enn er allt á huldu um hvenær þeirri athugun lýkur, því fimm árum síðar hefur hann enn ekki kynnt hana. Það fer því að verða tímabært að Alþingi fjalli sjálft um málið án aðstoðar ráðherrans.

Sömuleiðis er þörf annarra laga-breytinga til að styrkja stöðu ættleiðinga hér á landi. Þannig er orðið mjög brýnt fyrir væntanlega kjöforeldra að endurskoðun ættleiðingalaga verði lokið hið fyrsta. Í henni þarf að taka sérstakt mið af þeirri staðreynd að langflest ættleidd börn eiga nú uppruna sinn utan Íslands. Þau lög eru jafnframt forsenda þess að Ísland geti staðfest svokallaðan Haag-sáttmála, en hann er alþjóðlegur samningur um ættleiðingar. Það er fyrir löngu orðin knýjandi nauðsyn að staðfesta hann fyrir Íslands hönd, þar sem dráttur á því er þegar farinn að hafa neikvæð áhrif á möguleika Íslendinga á því að ættleiða frá ýmsum löndum, sem eru aðilar að samningnum. Endurskoðun laganna hófst formlega fyrir næstum hálfum áratug. Hún hefur dregist mjög úr hömlu en á þessu þingi er þó gert ráð fyrir að ráðherrann leggi fram ný lög. Vonandi tekst Alþingi að afgreiða þau án mikilla tafa og ekki mun ég liggja á liði mínu til að það takist.

*Eftirtalin fyrirtæki hafa
stutt útgáfu afmælisrits
Íslenskrar ættleiðingar:*

**Verslun O.Ellingsen
Gúmmibátapjónustan
Slippfélagið hf.**

*Borghildur
Jónsdóttir fór með
Jónu Björg
Eðvaldsdóttur
dóttur sína til
Tyrklands þar sem
hún fæddist
fyrir 8 árum.
Mæðgurnar segja
hér frá ferðinni.*



Sumarferð til

Við hjónin ættleiddum dóttur okkar 1981, frá Tyrklandi, tæplega árs gamla. Fjórum árum seinna ættleiddum við tveggja mánaða dreng frá sama landi. Nokkuð fljótlega kom upp sú hugsun hjá mér að gefa þeim tækifæri til að sjá föðurland sitt, t.d. þegar yngri barnið yrði

komið á fermingaráldur og dóttirin tæplega tvítug. Það sem breytti þessu var að Monika Blöndal, sem ættleiddi dóttur á sama tíma og ég og frá sama barnaheimili, lagði hart að mér og dóttur minni að koma með þeim mæðgum til Tyrklands. Ég var treg í byrjun, því ég vildi biða eftir syni mín-



Á tröppunum fyrir utan barnaheimilið í Ankara.



Jóna Björg og Stella í heimsókn á barna-heimilinu sem þær dvöldu á þar til þær fluttust til Íslands.

Tyrklands

um, en svo komst ég að þeirri niðurstöðu, að þær væru trúlega á heppilegum aldri og auk þess jafngamlar og það gæti orðið til þess að gera ferðina eftirminnilega fyrir þær. Þetta var árið 1993 og þær voru 13 ára gamlar. Ég talaði við son minn og sagði að honum stæði það sama til boða þegar honum hentaði að fara og hann var sáttur við það. Við ákváðum að fara í 3ja vikna ferð og stoppa u.þ.b. viku í Ankara, fæðingarborg þeirra, viku í Istanbul og viku á strönd. Við reyndum að skipuleggja ferðina líð fyrir líð, en gáfumst upp á því, vegna þess að útkoman varð mjög dýr ferð. Niðurstaðan varð sú að eini fasti punkturinn, áður en við lögðum af stað, var hótélherbergi í Ankara. Við fullvissuðum okkur um að lögfræðingurinn, sem hjálpaði okkur á sínum tíma, yrði í borginni. Þessi blanda hjá okkur, tvær mömmur og tvær dætur, var mjög góð. Það var mjög gott að hafa jafnöldru, með sama bakgrunn, til að hlæja með.

Lögfræðingurinn kom okkur í samband við barnaheimilið og þar var tekið vel á móti okkur. Við skoðuðum allt barnaheimilið, en þar voru tæplega þrjú hundruð börn á öllum aldri. Við 14 ára aldur verða börnin sem þar búa, og ekki hafa verið ættleidd, að yfirgefa heimilið og bjarga sér á eigin spýtur, að því er

okkur skildist. Við reyndum að fá að sjá alla pappíra um telpurnar okkar og fengum jákvætt svar við því, en síðan var kippt í spotta og sagt að búið væri að eyða öllum pappírnum. Dóttir mín er ein af þeim sem hafa mikla þörf fyrir að vita um uppruna sinn og það virtist hjálpa henni að finna að ég reyndi það sem hægt var í þessu sambandi.

Við báðum hótelfólkið að benda okkur á finan, en góðan og ódýran strandstað og gekk það greiðlega. Við sögðumst ekki vera tilbúnar að borga nema hálf gjald fyrir stelpurnar þó þær væru 13 ára og var það samþykkt. Það tókst að útvega okkur stað, stutt frá Izmir, á vesturströnd Tyrklands og var verið 2.500 íslenskar krónur á sólarhring, fyrir okkur báðar með fullu fæði. Þarna var hótél og sundlaug í svipuðum gæðaflokki og gott hótél á Spáni. Þetta tókst vegna þess að við vorum þarna í júní, foreldrar að biða eftir að börnin losnuðu úr skóla og við vorum tilbúnar að fara strax. Við náðum svo í lokin að vera tæpa viku í Istanbul sem er mjög áhugaverð borg, en við vorum fegnar að fara þaðan vegna þess að mengunin var mikil.

Jóna Björg ber mikla virðingu fyrir menningu Tyrklands, en hún hefur ekki áhuga á því að búa þar. Hana langar mikið til að fara aftur til Tyrklands og

kynnst þjóðinni betur og skoða sig betur um. Við höldum að það verði ekki langt í það að Tyrkland verði eftirsótt ferðamannaland. Þar eru góðar strendur og margt fallegt að sjá.

Ánægjuleg tilbreying

Jóna Björg er ákveðin í að forðast of miklar væntingar, ekki búa sér til einhverjar hugmyndir fyrirfram. En það er ánægjuleg tilbreying að allt í einu sker maður sig ekki úr hópnum vegna útlitsins, þó að maður tali ekki málið. Auðvitað lætur maður sig dreyma um að hitta foreldra sína, en þegar ég fann að mamma reyndi sitt besta til að fá upplýsingar um uppruna minn var ég sáttari en áður en ég fór út vegna þess að við höfðum reynt okkar besta.

Ég velti því fyrir mér hvort eitthvað hafi komið mér á óvart. Það var í rauninni fátt vegna þess að ég hafði lesið mér mikið til áður, bæði um trúarbrögð, sögu og menningu.

Það mikilvægasta við ferðina var að hún var ánægjuleg og ég fékk tilfinningu fyrir landi og þjóð og ég vona að mér gefist tækifæri seinna til að kynnst þjóðinni betur og skilja eitthvað í málinu.



Valgerður Baldursdóttir
geðlæknir skrifar

Tilfinningatengsl skapa grunninn

Tilfinningatengsl eru grunnstoðirnar í þroska persónuleikans

Það eru ekki nema nokkrir áratugir síðan farið var að fjalla um mikilvægi djúpra tilfinningatengsla milli foreldra og barna og áhrif þess og afleiðingar af því að rjúfa þessi tengsl.

John Bowlby, breskur barnageðlæknir, var mikill frumkvöðull á þessu sviði og helgaði meginhluta starfsferils síns þessu málefni. Hann er höfundur tengslakenningarinnar svokölluðu (attachment theory) en hún byggir á rannsóknum á atferli bæða manna og dýra. Bowlby telur að sú tilhneiging ungiðis í dýrarikinu að halda sig í nálægð foreldrisins sé sprottin af svipaðri þörf og tilhneiging barna til að mynda djúp og sterk tilfinningatengsl við foreldra sína. Skilningur á mikilvægi þessara tengsla er nauðsynleg forsenda þess að skilja af hverju aðskilnaður frá foreldrum veldur sterkum tilfinninga- viðbrögðum hjá barninu.

Hegðun manna og spendýra um margt lík

Sýnt hefur verið fram á að ungir apar leita frekar til þeirra fullorðnu apa sem veita öryggi heldur en til þeirra sem skaffa mat. Bowlby telur að sjá megi samlíkingu milli slíkrar tengslahegðunar hjá ungiðis spendýra og manna. Hann telur að hvatinn að þeim sterku tengslum sem myndast milli barna og mikilvægustu umönnunaraðilanna sé fyrst og fremst þörfin fyrir öryggi.

Hann telur þessa tengslamyndum hafa mikilvæga þýðingu í baráttu lífverunnar til að lifa af og að ekki sé síður nauðsynlegt að mæta þessum þörfum en t.d. þörfinni fyrir næringu.

Öryggiskennd barnsins þróast frá frumbersku

Fyrstu ævimánuðir barnsins eru mjög mikilvægir hvað varðar tengslamyndunina. Barnið myndar fyrst og fremst tengsl við þann eða þá sem bregðast á viðeigandi hátt við þörfum þess. Undir venjulegum kringumstæðum eru það auðvitað foreldrarir. Ef þeir einstaklingar sem barnið hefur tengst hverfa síðan úr lífi þess, bregst það við með sterkum kvíða og miklu tilfinningalegu uppnámi.

Hægt er að tryggja tengslin

Það tilfinningalega öryggi (eða skortur á öryggi) sem felst í tengslunum við foreldrana, er sá grunnur sem börnin byggja síðan á í tilfinningasamböndum og öðrum samskiptum síðar á lífsleiðinni.

Rétt er að taka fram að nærvera foreldra á fyrstu ævimánuðum barnsins er ein og sér ekki nægileg forsenda þess að örugg tengsl myndist milli foreldra og barns. Þarna kemur margt til sem getur truflað þetta ferli, s.s. reynsla foreldranna sjálfra af tengslum við sína nánustu, hvers kyns álag á foreldrana s.s. veikindi o.fl. Einnig geta foreldrar gert mikið til að tryggja þennan grunn síðar á ævi barnsins,

þótt upphafið hafi ekki verið eins og best verður á kosið.

Aðskilnaður, tengslamissir og sorg


Ættleidd börn hafa eðli málsins samkvæmt upplifað aðskilnað við kynforeldra sína. Þessi aðskilnaður hefur stundum átt sér stað um svipað leyti og ættleiðingin fór fram, en oft hafa börnin verið í umsjá óviðkomandi aðila tímabundið, ýmist á einkaheimilum eða einhvers konar stofnunum.

Aðskilnaðurinn frá kynmóðurinni verður oftast skyndilega og er lítið eða ekki undirbúinn hvað varðar barnið, sem þýðir að barnið hefur ekki náð að tengjast öðrum fullorðnum áður en sá sem það hefur tengst hverfur úr lífi þess.

Væntanlegir kjörforeldrar hafa oftast átt í löngu undirbúningsferli áður en ættleiðing barns verður að veruleika og eru því að vonum fullir eftirvæntingar og tilhlökkunar þegar þeir fá hið langþráða barn í fangið.

Sérstaða fjölskyldna sem ættleiða börn

Ættleiðingarfjölskyldan á sér því mjög ólíkar forsendur samanborið við aðrar fjölskyldur. Segja má að þarna mætist örlög tveggja aðila á grunni missis eða sorgar. Annars vegar er sorg foreldra yfir barninu sem ekki kom. Hins vegar er það sorg barnanna yfir því að vera skilin frá kynforeldri sínu og þar með öllum uppruna.



Börnin þurfa að fá að syrgja

Börn sem missa tengsl við kynfjölskyldu sína þurfa að fá að syrgja þennan missi og það að fá ekki að alast upp í faðmi þeirra sem ólu þá af sér. Fyrir heilbriggt þroskaferli barnsins er æskilegt að það komist í snertingu við þessar sáru tilfinningar og fái „leyfi“ og stuðning til að vinna úr þeim. Börnin hafa litla möguleika á að vinna úr þessari sorg án hjálpar foreldranna. En möguleikar foreldranna til þess að hjálpa börnunum minnka mjög ef þeir hafa ekki sjálfir unnið úr eigin sorg sem snýr að barnleysi og þeirri staðreynd að óskabarnið (eins og það hefur stundum verið kallað) kom ekki.

Foreldrarnir eru mikilvægustu stuðningsaðilar barnanna

Stuðningur foreldranna við börnin snýst fyrst og fremst um það að geta séð og virt eiginleika og tilfinningar barnanna eins og þeir eru. Þeir þurfa ekki síst að geta staðið með barninu í sárum tilfinningum. Það sem hér er átt við er að þegar barnið ræðir eða tjáir á annan hátt vanlíðan eða sárar tilfinningar (oft óbeint), þá er mikilvægt að reyna ekki að afvegaleiða það eða sópa tilfinningunum af borðinu á annan hátt. Barnið þarf að finna að for-

eldrinu þyki ekki óþægilegt að það tjái vanlíðan og að það hafi styrk til að taka á móti hvers kyns tilfinningum og elski það samt. Barnið getur tjáð söknuð gagnvart kynmóður, reiði gagnvart kjörforeldrum o.fl. o.fl. Við skulum minnst þess að börn eru mjög næm á hvað þau mega ræða við foreldrana og hvað ekki.

Að takast á við sárar tilfinningar styrkir þegar upp er staðið

Það að gefa börnunum kost á að syrgja er ekki það sama og að tala um uppruna þeirra. Það er til í dæminu að skoðaðar séu myndir og uppruninn sé ræddur fram og til baka, án þess að tilfinningalegu hliðinni á málinu sé nokkurn tíma hleypt að. Vitaskuld eru persónuleikar barnanna mjög mismunandi, svo og þarfir þeirra í þessa veru. En sum þeirra barna sem ekki hafa getað viðrað sínar sáru tilfinningar mynda eins konar innri gjá, bæði í tilfinningalífni og sjálfsmyndinni. Slíkt getur dregið mjög úr möguleikum þeirra til að njóta sín yfirleitt, þ.e. nýta hæfileika sína, lifa í tilfinningalegu jafnvægi og geta átt í heilbrigðum og fullnægjandi samskiptum við annað fólk.

Enginn atburður getur haft meiri áhrif á líf barns

Það er sennilega ekki hægt að upplifa afdrifaríkari atburð í lífi sínu en þann að ganga í gegnum og síðan þurfa að lifa við varanlegan aðskilnað frá kynforeldrum og uppruna sínum öllum. Ættleiddu börnin okkar hafa því gjarnan djúptækari og sárari lífsreynslu í farteskinu en við flestir foreldrarnir. Við sem tökum þau að okkur höfum því mikla ábyrgð gagnvart því að hlúa að þeim eins og við best getum. En lífsreynsla þeirra getur líka fært þeim sjálfum og okkur foreldrunum þroska og tilfinningalega dýpt sem verður ekki frá okkur tekin.

Mig langar til að vísa í erlent tímarit um ættleiðingarmál, „Roots and Wings“, sem dregur nafn sitt af eftirfarandi spakmæli:

Foreldrar geta aðeins gefið börnum sínum tvær gjafir. Sú fyrri er rætur og sú seinni er vængir.

Að lokum legg ég til að við Íslendingar förum að dæmi nágranna okkar í Skandinavíu sem hafa tileinkað ættleiddum sérstaklega einn dag á ári og varð 13. mars fyrir valinu.

Afmælis- veislan

Sunnudaginn 15. nóvember hélt Íslensk ættleiðing upp á tuttugu ára afmæli sitt í félagsheimilinu Drangey. Þar voru sýndar kvikmyndir, flutt ávörp og til sýnis voru margar fallegar og skemmtilegar bækur frá búðinni Yellow brick road. Eins og myndirnar bera með sér var glatt á hjalla og mikil stemmning á þessum hátíðisdegi félagsins.

